



Ráðgjöf vegna sjónskerðingar/blindu eða samþættar sjón- og heyrnarskerðingar barna og ungmenna

Vorráðstefna Greiningar og ráðgjafarstöðvar 29.-30. apríl 2021

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð
fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og
heyrnarskerðingu



Sýn Þjónustu og Þekkingarmiðstöðvar

- Að auka möguleika þeirra sem eru blindir, sjónskertir eða með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu til virkni og þátttöku á öllum sviðum samfélagsins, til jafns við aðra.
 - að leggja áherslu á stuðning til náms, sjálfstæðs heimilishalds, virkra tómstunda og atvinnuþátttöku
- Þjónustan er fyrir fólk á öllum aldri, á landinu öllu og leitast er við að veita þjónustuna í nærumhverfi notanda.
- Þjónustan er gjaldfrjáls fyrir notendur.
- Þar fer fram ráðgjöf og úthlutun hjálpartækja, gleraugna, hjálparforrita, aðlögun á lesefni ásamt umferli, ADL o.fl.
- Miðstöðin sér einnig um endurgreiðslur vegna barnagleraugna



Snemmtæk íhlutun

- Um 200 notendur í sérkennsluráðgjöf (20 ára og yngri)
- Í þessari kynningu munum við fjalla um þjónustu við notendur frá fæðingu til tvítugs, út frá sjónarhorni sérkennsluráðgjafar, og fylgja Pétri eftir...
 - Pétur er nokkra mánaða gamall. Foreldrar Péturs hafa áhyggjur af sjóninni hjá honum og fara með hann til augnlæknis...





Fyrsta koma á Miðstöð

- Tilvísun berst frá augnlækni Péturs.
- Tilvísunarteymi Miðstöðvar fer yfir málið.
 - Pétur uppfyllir viðmið um sjónskerðingu. Pétur gerist notandi hjá Miðstöðinni og fær úthlutaðan tengilið/sérkennsluráðgjafa.
- Foreldrar Péturs fá boð um að koma á Miðstöð og hitta
 - augnlækni, sjónfræðing og tengilið og fara saman yfir stöðu Péturs. Áætlun gerð um áframhaldandi eftirfylgd
 - foreldrar Péturs geta fengið tíma hjá félagsráðgjafa ef þau óska þess.
- Sérkennsluráðgjafi gerir áætlun með foreldrum um áframhaldandi ráðgjöf og stuðning og sinnir snemmtækri íhlutun sem sniðin er að þörfum Péturs,
 - fleiri fagaðilar koma að eftir því sem við á hverju sinni.



Starfsmenn Miðstöðvar

Forstjóri	Augnlæknir	Sjónfræðingar	Adl og umferliskennarar
Kennsluráðgjafar	Tölvu- og tækniráðgjafar	Sérfræðingar í gerð lesefnis	Náms- og starfsráðgjafi
Félagsráðgjafi	Starfsmenn skrifstofu	Þjálfari leiðsöguhunda	Augnsmiður

Samstarfssamningur við Sól sálfræðistofu



Viðmið um sjónskerðingu

- Sjónskerðing kemur til vegna vandamála tengdum augum og/eða vegna úrvinnsluvanda í heila (CVI).
- Sjónin er talin skert ef:
 - sjónskerpa er minni en 30% á betra auga með sjónglerjum eða
 - sjónsvið þrengra en 20° eða
 - ef starfrænt mat sýnir erfiðleika vegna sjónskerðingarinnar svo sem:
 - að eiga í erfiðleikum með lestur venjulegs bókleturs þrátt fyrir bestu gleraugu.
 - að eiga í erfiðleikum við athafnir daglegs lífs og umferli
- Mikilvægt er að gera sér grein fyrir að algengustu sjónvandamál fólks eins og nærsýni, fjarsýni og sjónskekkja flokkast ekki sem sjónskerðing enda leiðréttu gleraugu yfirleitt slíkan vanda







Snemmtæk íhlutun

- Þjónustan er sniðin að þörfum barns og fjölskyldu og tekur m.a. mið af aldri barnsins og sjónskerðingu þess.
 - Lögð er áhersla á ráðgjöf, stuðning og samstarf við foreldra barnsins.
 - Áhersla er lögð á mat á sjón- og sjónnýtingu, skynfæraörvun og áhrif sjónskerðingar á þroska barns.
 - Ráðgjöf er veitt um val á leikföngum sem nýtast til sjón- og þroskaörvunar og aðferðir kenndar við rýmisskynjun og rötun (umferli).
 - Metin er þörf fyrir gagnleg hjálpartæki og lýsingu.
 - Þroskahandbók afhent
 - Þá fer fram undirbúningur fyrir leikskóla.





Pétur byrjar í leikskóla

- Þjónustan felst í fræðslu og ráðgjöf til fjölskyldu, starfsfólks leikskóla og annarra þjónustuaðila.
- Eftir þörfum er unnið í nánú samstarfi við aðra sem sinna þjónustu við nemendur hverju sinni. Má þar nefna félagsþjónustu, sjúkra- og iðjubjálfa, talmeinafræðinga, Greiningar og ráðgjafastöð,
- Meðal þeirrar þjónustu sem Miðstöðin veitir vegna leikskólanemenda er:
 - athugun og mat á sjónnýtingu nemanda og stöðu hans í leikskólanum
 - fræðsla um sjónskerðingu og áhrif hennar á þroska
 - athugun á umhverfi og aðgengi
 - hvernig best er að örva þá sjón sem barnið hefur
 - hvernig barnið getur orðið sjálfbjarga í daglegum athöfnum (ADL)
 - áhrif sjónskerðingar fyrir samskipti og samspil við leikfélagana
 - val á leikföngum sem nýtast til sjón- og þroskaörvunar
 - val á kennslu og þjálfunarefni
 - undirbúningur og kennsla punktaleturs þegar við á
 - hvaða hjálpartæki og lýsing eru gagnleg fyrir barnið
 - aðstoð við gerð einstaklingsnámsskrár
 - undirbúningur fyrir næsta skólastig





Pétur byrjar í grunnskóla


- Ráðgjafar leggja mat á stöðu nemandans í náminu og innan skólans m.t.t. sjónskerðingarinnar, að undangenginni athugun á sjón og sjónnýtingu.
- Á grundvelli þessa mats er unnin áætlun í samstarfi við skólann, nemandann og aðstandendur hans.
- Framkvæmd áætlunarinnar er síðan á ábyrgð viðkomandi skóla, en ráðgjafar Miðstöðvarinnar sjá um eftirfylgd og koma að málum eftir þörfum hverju sinni.
- Ráðgjafar hafa frumkvæðisskyldu og eru í sambandi við fjölskyldur og kennara amk. 2x á ári til að athuga hvernig gangi. Áætlun gerð um frekari aðkomu.





Pétur fer á miðstig grunnskóla

- Náms tekur að þyngjast þegar nemendur færast upp á miðstig.
- Þá þarf að huga að ýmsu í námi blindra og sjónskertra nemenda og margt sem gæti þurft að aðlaga m.t.t. sjónskerðingarinnar.
- Tæknin getur komið að góðum notum í námi og gott aðgengi að rafrænu efni getur auðveldað aðlögun að lesefni og verkefnum.
- Fartölva (létt og meðfærileg með góðum skjá)
- Spjaldtölva (i-pad, i-pad pro með penna...)
- Standur fyrir bækur og spjaldtölvu til upphækkunar
- Stækkunartæki (að undangengnu mati)



Rétt
fingrasetning er
mikilvæg!





Tæknilausnir

- Google drive
 - gott að nota til að halda utan um allt rafrænt námsefni
- Google classroom og/eða ýmsar aðrar útfærslur með rafrænar skólastofur
- Ýmsar viðbætur s.s:
 - Kami,
 - Read aloud,
 - Open dislexic
 - Snipping tool
 - Foxit reader
- Ýmis öpp á i-pad s.s:
 - Voice Dream Reader
 - Book creator
 - Keynote
 - Talgervlar





Aðlögun á lesefni

- Okkar reynsla er sú að flestir nemendur vilja reyna að skera sig sem minnst út úr og sú meðvitund eykst með hækkandi aldri.
- Það er því mikilvægt að kennarar taka tillit til þess og reyni að koma til móts við nemendur úr frá þeirra óskum og reyni að sýna nærgætni í einstaklingsmiðuninni.
 - Tæknivæddur kennari og almenn notkun bekkjarfélaga á tölvum/ ipad er lykilatriði
- Hægt er að nota innri stækkun í tölvum og hægt er að þysja inn á snertiskjám til að stækka letur.
- Við hjá Miðstöðinni bjóðum einnig upp á að aðlaga lesefni fyrir notendur okkar (punktaletur, stækkað letur, hreinsa til myndir).
- Kennarar geta líka nýtt sér tæknina til að aðlaga efni fyrir blinda og sjónskerta nemendur og notað rafrænt efni í auknum mæli, myndir, hljóðskrár, hljóðbækur, innri stækkanir í tölvum, snipping tool o.fl.

G I V E
YOUR EYES
A LITTLE BREAK.

DON'T SQUINT OR STRAIN
TAKE HOME A LARGE PRINT BOOK
AND MAGNIFY YOUR READING TODAY!





Pétur byrjar í framhaldsskóla

- Þjónustan felst í fræðslu og ráðgjöf til nemandans, starfsfólks framhaldsskóla og annarra þjónustuaðila og aðstandenda
- Eftir þörfum er unnið í nánu samstarfi við aðra sem sinna sérfræðiþjónustu við nemendur hverju sinni.
- Ráðgjafar Miðstöðvarinnar leggja í upphafi mat á stöðu nemandans m.t.t. aðgengis í námi og námsefni.
- Í flestum tilfellum vinnur ráðgjafar Miðstöðvarinnar náið með námsráðgjafa skólans.
- Tölvu- og tæknisvið hjá okkur getur spilað stórt hlutverk í ráðgjöf til nemenda á þessum aldri þar sem nám nemenda getur farið mikið fram á rafrænu formi.





Pétur verður fullorðinn – fer í áframhaldandi nám eða á vinnumarkað

- Við 19 - 20 ára aldur færast þeir notendur sem hafa verið í sérkennsluráðgjöf yfir á fullorðinssvið og geta þá leitað til náms- og starfsráðgjafa eða adl / umferlisráðgjafa hjá Miðstöðinni.
- Dæmi um þjónustu fyrir þennan aldurshóp:
 - Greining og mat
 - Ráðgjöf og fræðsla
 - Úthlutun hjálpartækja og kennsla á þeim
 - Yfirfærsla lesefnis
 - Stuðningur við nám
 - Stuðningur við sjálfstæði í búsetu
 - Stuðningur við atvinnuþátttöku
 - Stuðningur til virkra tómstunda
 - Öflun og miðlun þekkingar og fræðslu o.fl.



HÁSKÓLI ÍSLANDS



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY



Tilkynna um vinnu eða tekiur





Þjónustukönnun

- Við lögðum stutta þjónustukönnun fyrir nokkra notendur, foreldra og kennara til að fá fram upplifun og reynslu þeirra af sérkennsluráðgjöfinni hjá okkur.
- Þeir sem tóku þátt höfðu orð á því að greiður aðgangur að ráðgjöf og sérþekkingu á aðstæðum blindra og sjónskertra skipti miklu máli.
- Foreldrar og notendur voru almennt mjög ánægð með þjónustuna og kennarar lögðu áherslu á mikilvægi eftirfylgni okkar með málum nemenda sem og lausnamiðaða nálgun í ráðgjöfinni.
- Af svörum að dæma má draga þá ályktun að foreldrar og kennarar kalla eftir svipaðri þjónustu vegna annarra stuðningsþarfa sem nemendur kunna að hafa t.d. vegna ADHD, einhverfu, eða annarra fatlana.



"Þjónustan hefur létt mjög mikið undir hjá okkur." (foreldri)

„Starfsfólkið hugsar í lausnum. Ómetanlegur stuðningur." (kennari)



"Ráðgjafi okkar hefur komið í skólann til að skoða fyrir okkur umhverfið, skoða hvað búið er að gera og ráðleggja okkur sem betur mætti fara." (kennari)

"Ánægð með upplýsingarnar og sérstaklega eftirfylgnina með nemandanum sem aðrar stofnanir mættu taka sér til fyrirmyndar." (kennari)



"Það sem einkennir samstarfið er metnaður fyrir því að sonur okkur fái sem bestu þjónustu.

(...) hafa barist fyrir hans rétti. (...) hafa oftast en ekki tekið þunga bolta varðandi rétt hans í skólanum og til að hann fái sem besta mögulega námsumhverfið. Það hefur létt á okkur foreldrunum."
(foreldri)



„Mér þætti voða gott ef það væri hægt að koma á meira sambandi milli skólanna sem eru með blinda/sjónskerta nemendur þannig að kennarar gætu deilt reynslu sinni og hjálpast að við að bæta kennslu nemenda sinna. hugmyndum t.d. að tómstundum og afþreyingu fyrir blinda eða sniðugum öppum og þá væri gott að vera í sambandi við "fólkið á gólfinu", sem er að vinna með blindu/sjónskertu nemendurna."



Raddir kennara

„Frábært að hafa miðstöð sem hefur sérþekkingu á þessum mállefnum og hægt er að leita til... þar sem starfsfólk skóla hafa kannski ekki mikla þekkingu á... til að taka á öllum þeim viðfangsefnum sem koma upp í skólanum. Ég myndi vilja hafa svipað kerfi t.d. í kringum einhverfa nemendur og hreyfihamlaða." (kennari)

"Vantar leiðbeiningar og fræðsluefni til að styrkja félagslega færni nemandna í efri bekkjum grunnskóla og framhaldsskóla því mikil hættu er á félagslegri einangrun." (kennari)



-
- Nánari upplýsingar á Miðstöð
 - Sími 545-5800

 - Takk fyrir 😊